



Suðurlandsvegur við Kirkjuferju 11.9.2007  
Árekstur, framanákeyrsla.  
Látinn 62 ára karlmaður  
Tími sólarhrings: Kvöld

### Lýsing á slysi

Ökumaður fólksbifreiðar ók austur Suðurlandsveg í átt að Selfossi. Á Hellsisheiði höfðu vegfarendur tekið eftir einkennilegu aksturslagi hans þar sem hann hafði farið yfir á öfugan vegarhelming svo lá við slysi. Nokkru síðar, þegar ökumaður var kominn að afleggjaranum við Kirkjuferju ók hann aftur yfir á öfugan vegarhelming og hafnaði framan á vörubifreið sem ekið var vestur Suðurlandsveg (sjá mynd). Var árekstrarstaður á nyrðri akreininni, á vegarhelmingi vörubifreiðarinnar. Áreksturinn var mjög harður og forst ökumaður fólksbifreiðarinnar samstundis. Hann notaði bílbelti en mikil afmyndun var á bifreiðinni framanverðri og farþegarými



Horft austur Suðurlandsveg á slysavettvangi. Vörubifreiðin hafnaði utan vegar.

Ökumaður vörubifreiðarinnar hlaut minniháttar meiðsli við áreksturinn. Hann notaði ekki bílbelti. Á vettvangi voru hemlaför eftir vörubifreiðina í vegkantinum og greinilegt að ökumaður hennar hafði reynt að beygja henni frá til að afstýra árekstrinum. Engin hemlaför voru á vettvangi eftir fólksbifreiðina. Samkvæmt ökuritaskífu var hraði vörubifreiðarinnar 75 km/klst. þegar áreksturinn varð.

Á slysstað er Suðurlandsvegur 7 metra breiður með 1,4 metra malbikuðum vegöxlum hvoru megin. Óbrotin lína er á syðri akbrautinni til merkis um að framúrakstur sé bannaður en brotin lína er á nyrðri akbrautinni. Aðstæður til aksturs voru góðar þegar slysið varð, þurrk veður og bjart.

Fólksbifreiðin og vörubifreiðin voru skoðaðar af sérfræðingi í bíltæknirannsóknunum. Skýra niðurstöður þeirra rannsókna ekki meginorsök slyssins. Þó kom fram í skýrslu sérfræðingsins að ástand fólksbifreiðarinnar var ábótavant. Framhjólalegur voru slitnar og of mikill loftþrýstingur var í hægra afturhjóli. Þá var þykkt hemladiska undir lágmarksþykkt.

Áfengismæling var neikvæð hjá báðum öikumönnum. Við lyfjarannsókn kom í ljós að ökumaður fólksbifreiðarinnar var undir talsverðum áhrifum svefnlyfja þegar slysið varð.

### **Orsakagreining**

- Ökumaður fólksbifreiðarinnar ók yfir á öfugan vegarhelming. Hann var undir töluverðum áhrifum svefnlyfja og er líklegast að hann hafi sofnað við aksturinn.

### **Ábendingar**

Við rannsókn málsins kom í ljós að ökumaður hafði átt við veikindi að stríða og neytti lyfja í lækningaskyni vegna þess. Þrátt fyrir veikindi og neyslu lyfja sem gerðu að verkum að ökumaður var óhæfur til að aka bifreið hélt hann því áfram. Vegna þessa máls ítrekar RNU ábendingu sem birtist í varnaðarskýrslu um heilsufar öikumanna árið 2007.

Rannsóknarnefnd umferðarslysa telur að ekki hafi tekist nægjanlega vel að framfylgja ákvæðum um heilbrigðiskröfur sem gerðar eru til öikumanna í íslenskum lögum og reglum. Þetta endurspeglast í fyrirliggjandi tölfræði um slys sem veikir öikumenn valda. Telur nefndin þörf á að stjórnvöld endurskoði þær reglur sem hér gilda um kröfur til heilsufars öikumanna og framkvæmd þeirra. Beinir nefndin því til samgönguráðuneytisins að endurskoða strax reglur um ökuhæfni og heilbrigðisskilyrði að höfðu samráði við landlækni. Fleiri þurfa að koma að þessari vinnu s.s. heilbrigðisráðuneytið, dómsmálaráðuneytið og lögreglustjórar.

Hvetur rannsóknarnefndin öikumenn, sem eru í áhættuhópi vegna veikinda eða lyfjanotkunar til að bregðast við af ábyrgð og gangast undir skoðun á ökuhæfi sínu hjá læknum og stjórnvöldum. Til þess þurfa þeir og þeirra nánustu leiðbeiningar og stuðning fagmanna.

**Reykjavík 6.júní 2008**

**Rannsóknarnefnd umferðarslysa**

